



Skíðaping 2022

haldið í Reykjavík 18.-19. nóvember

ÞINGSKJAL nr. 8

Tillaga að breytingum á reglugerðum um bikarkeppni SKÍ í skíðagöngu - Útreikningur á bikarstigum

Flutningsaðili: Stjórn SKÍ

Var:

5.grein

Reikna skal saman stigafjölda hvers félags fyrir sig sem það vinnur sér inn í hverjum flokki. Hvert félag safnar stigum undir skráðu nafni. Veita skal stigahæsta félaginu í eftirtöldum flokkum verðlaun:

- 13-16 ára (bæði kyn saman).
- 17 ára og eldri (bæði kyn saman).

Verður:

5.grein

Reikna skal saman stigafjölda **þriggja bestu** hvers félags fyrir sig sem það vinnur sér inn í hverjum flokki. ~~Hvert félag safnar stigum undir skráðu nafni.~~ Veita skal stigahæsta félaginu í eftirtöldum flokkum verðlaun:

- 13-16 ára (bæði kyn saman).
- 17 ára og eldri (bæði kyn saman).

Rökstuðningur:

Breyta félagakeppninni og koma með nýja nálgun. Undanfarin ár hefur þetta verið keppni á milli tveggja til þriggja félaga og yfirleitt lítil spennan. Að sama skapi hafa litlu félögin aldrei átt möguleika. Sumir hafa sameinast innan héraðs eins og allir vita og skiptar skoðanir um þetta. Við teljum að með þessari leið geta öll félög átt raunhæfan séns á að vinna stigakeppni félaga. Undanfarin ár hefur borið lítið á þessari félagakeppni og vill SKÍ gera betur þar.

Útskýring á útreikningi: Þrír bestu í flokki 13-16 ára í skíðagöngu myndi reiknast:

- Þrír bestu í 13-14 kk + þrír bestu í 13-14 kvk + þrír bestu í 15-16 kk + þrír bestu í 15-16 kvk
- Í 17 ára og eldri flokknum væri einungis horft til úrslita í fullorðinsflokknum í heild sinni.

Vísað til: ☐ Alpagreinanefndar ☐ Skíðagöngunefndar ☐ Snjóþreitanefnd ☐ Allsherjarnefnd

Afgreiðsla:

☐ Samþykkt ☐ Felld